


Brautarholt, Kjalarnesi - norðurhluti

Deiliskipulagsbreyting

Greinargerð



Breytingin varðar hluta greinargerðar á deiliskipulagsupphætti, kaflann Lýsing staðháttá, 6. mgr. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 10. des. 2001.

Fyrir breytingu:

Á jörðinni er grasköglaverksmiðja og hafa tún á henni (tæpir 130 ha) verið nytjuð til graskögglaframleiðslu auk túna á ýmsum jörðum í nágrenninu. Einnig er á jörðinni stórt svínabú og tilheyrir það eigendum á norðurhluta jarðarinnar.

Eftir breytingu:

Á jörðinni eru nytjuð tún (tæpir 130 ha), en starfsemi grasköglaverksmiðju hefur verið hætt. Einnig eru á jörðinni stórt svínabú og fyrirhuguð er starfsemi alifuglabús (í húsi merktu nr. 8 á upphætti), og tilheyrir þau eigendum á norðurhluta jarðarinnar.

Húsin sem fyrirhugað er að nota fyrir alifuglahús voru byggð á árunum 1984-2001 og voru notuð fyrir svínarækt allt til ársins 2010 en hafa ekki verið notuð síðan. Áformað er að í húsunum verði annars vegar uppeldi á hænuungum og hins vegar varphænur til framleiðslu á neyslueggjum. Húsin eru samtals um 2.575 m² að flatarmáli.

Að öðru leyti gildir áður samþykkt deiliskipulag.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við 2.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr.

123/2010, var samþykkt í Umhv.- og skipulagsráði

þann 6. júlí 2016 og í Borgarráði

þann 1. september 2016

Tillagan var grenndarkynnt frá 2. maí 2016 með athugasemdafresti til

30. maí 2016

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B- deild Stjórnartíðinda þann

19. september 2016

Einar Ingimarsson